

Hluthafafundur í Reginn hf. 2. febrúar 2024

Föstudaginn 2. febrúar klukkan 15:00 var haldinn rafrænn hluthafafundur hjá Reginn hf., kt. 630109-1080.

Fundarstörf:

1. Fundarsetning og skipun fundarstjóra:

Fundurinn hófst á því að Heiðrún Jónsdóttir, setti fundinn. Stungið var upp á að Óskar Sigurðsson, lögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og Dagbjört Erla Einarsdóttir yfirlögfræðingur Regins yrði fundarritari. Tillagan var samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Óskar Sigurðsson tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verið boðað samkvæmt 16. gr. samþykktu félagsins með birtingu tilkynningar í Kauphöll og á heimasíðu félagsins þann 9. janúar 2024 og með auglýsingu í Morgunblaðinu þann 11. janúar 2024. Fundurinn væri því lögmætur hluthafafundur. Fundarstjóri upplýsti um að mætt væri á hluthafafundinn fyrir 67,9% hlutafjár.

3. Dagskrá:

3.1. Kosning endurskoðunarfélags

Fyrir fundinum lá tillaga um að Deloitte ehf. yrði kjörið sem endurskoðunarfélag félagsins. Engar umræður urðu um tillöguna.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykktar. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Enginn greiddi atkvæði á móti tillögunni. Enginn sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

3.2. Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.

4. Frágangur fundargerðar

Sú tillaga var borin undir fundinn að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá og undirrita fundargerð án þess að hún væri lesin upp fyrir fundinn. Ekki komu fram athugasemdir við fyrirkomulagið og telst tillagan því samþykkt. Jafnframt tilkynnti fundarstjóri að fundargerðin yrði aðgengileg fyrir fundarmenn á heimasíðu Regins hf., www.reginn.is auk þess sem helstu niðurstöður fundarins yrðu birtar í Kauphöll.

Heiðrún Jónsdóttir sleit fundi kl. 15:05.

Fundarstjóri:
Óskar Sigurðsson lögmaður.

Fundarritari:
Dagbjört Erla Einardóttir lögmaður.